

Íslenskur iðnaður

07. tölublað 17. árg.

Júlí 2011

Samtök iðnaðarins

SI



Vegna sumarleyfa verður skrifstofa Samtaka iðnaðarins lokuð dagana 18. júlí til og með 5. ágúst en svarað verður í símann og brugðist við áriðandi erindum. Skrifstofan verður opnuð á ný mánudaginn 8. ágúst.

Óskum félagsmönnum og öðrum lesendum Íslensks iðnaðar gleðilegs sumars.

Fjárfestum í samgöngum

Samtök atvinnulífsins héldu opinn fund um mikilvægi þess að fjárfesta í samgöngubótum. Ræðumenn á fundinum voru Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI, Kristján Möller, alþingismaður og formaður iðnaðarnefndar, og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri Sambands sunnlenskra sveitarfélaga.

Nú er tækifæri að auka öryggi á vegum og efla hagvöxt

Orri Hauksson, sagði nýjar samgönguframkvæmdir snúast um að auka öryggi á vegum auk þess að skapa ný störf og efla hagvöxt. Tækifærið sé til staðar, framleiðsluslaski nú sé meiri en í tæpa hálföld og atvinnuleysi mikið. Orri kallaði eftir uppbyggilegri umræðu um framtíðarsýn í þessum málaflokki, Íslendingar gætu orðið leiðandi í tækniþróuninni og í stöðunni fælust mikilvæg tækifæri.

Aukinn hagvöxtur eina leiðin út úr krepunni. Ekki eftir neinu að bíða

Kristján Möller, sagði að aðgerða væri þörf til að bæta samgöngur og auka umferðaröryggi. Í stöðunni væru tveir kostir, að efna til ca. 40 milljarða króna flýtiframkvæmda á umferðaræðunum að og frá höfuðborgarsvæðinu sem stæðu yfir í fjögur ár, og yrðu fjármagnaðar með lánum sem endurgreidd yrðu með notendagjöldum, eða fara hefðbundna leið ríkisframkvæmda sem tæki 15-25 ár. Lagði hann áherslu á hagvöxt og fjárfestingar sem skiluðu auknum útflutningi.

120 milljarða í samgönguáttak

Þorvarður Hjaltason, lagði til að stjórnvöld, í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, taki nú ákvörðun um að á næstu 12 árum verði ráðist í stórfamkvæmdir í samgöngumálum fyrir 120 milljarða króna, eða 10 milljarða á ári. Lífeyrisgjöldin láni til framkvæmdanna eins og

stefnt hefur verið að og settur verði á laggirnar stórfamkvæmdasjóður sem verði fjármagnaður með sérstökum hætti utan hefðbundinna framlaga til samgöngumála. Þorvarður hvatti til þess að þessi vegferð hefjist sem allra fyrst með sameiginlegu og samstilltu átaki stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila.

Tveir kostir í stöðunni

Í lokin dró Margrét Kristmannsdóttir, fundarstjóri, umræðuna saman og sagði tvo kosti vera fyrir hendi. Að fara leið sérstakrar fjármögnunar þessara mikilvægu samgönguframkvæmda og framkvæma þær á næstu árum. Um það hefði verið þverpólitísk samstaða á Alþingi fyrir tveimur árum. Nú hefðu þessi áform verið slegin af vegna ósamstöðu. Því þyrftu hlutaðeigandi sveitarfélög, FÍB, stjórnámálemenn og aðilar vinnumarkaðarins og koma sameiginlega að borðinu og marka stefnuna. Hinn kosturinn væri að framkvæma þessar brýnu samgöngubætur á 25 árum sem ekki væri áhugaverð framtíðarsýn.

Sjá nánar á www.sa.is



bls. 2

Eigin gæfu smiðir

bls. 4

Híð gullna jafnvægi framboðs og eftirspurnar

bls. 5



Skattfrádráttur vegna r&þ

bls. 6

Framtíðarsýn hugverkagreina til ársins 2016

bls. 8

Hvar eiga iðnnemar að fá starfsþjálfun

Eigin gæfu smiðir

Fjárlagagerð fyrir árið 2012 stendur nú yfir. Sú smíði mun miklu skipta fyrir efnahagslega framvindu Íslands, en verður örugglega ekki neinn hægðarleikur að koma saman. Fyrir því eru tvær meginástæður.

Brotakennt heimshagskerfi

Önnur er hnattræn. Heimshagskerfið er fremur brotakennt og verður vísast um hríð. Þannig eru skuldamál í mörgum Evrópulöndum enn afar viðkvæm og þær lausnir sem ráðamenn meginlandsins hafa hingað til boðað komast ekki fyrir rót vandans, heldur byggjast um of á skammvinnnum sjónarmiðum. Bandaríska alríkið lendir að öllu óbreyttu í greiðslufalli 2. ágúst, vegna þráteflis í stjórn máli um og eyðslu umfram efni undanfarin ár. Þróttmikil hagkerfi finnast sem betur fer sitt hvoru megin við Norður-Atlantshafið og má sem dæmi nefna Þýskaland, Noreg, Svíþjóð og Kanada. Japanir eru hins vegar ekki öfundsverðir af sinni stöðu, Rússland er stórt spurningamerki í augnablikinu, Brasilía hefur vaxið hratt en er við að ofhitna og Mið-Austurlönd og Norður-Afríka verka sérlega ótrygg næstu ár. Indland, Kína og fleiri hagkerfi í Asíu eru hins vegar enn á öruggri hraðsiglingu.

Með því að máta saman þessa fjölbreytilegu stöðu heimsins við viðskiptamynstur Íslands, sést hve ólíklegt sé að alþjóðlegir hagkraftar leiði okkur sjálfkrafa eða hratt til bjargálna. Eftirspurn frá Evrópu eða Bandaríkjunum leysir okkar einfaldlega ekki úr snörinni og síst erum við sjálf að leggja ofuráherslu á opnun nýrra vaxtarmarkaða, svo sem Kína.

Viljann vantar

Síðari meginástæðan til að óttast erfiða fjárlagagerð er samansafn heimatilbúinna atriða. Nýgerðir kjarasamningar voru öllum vinnuveitendum dýrir, hinu opinbera þar á meðal. Innlendir vöxtur er enn lítt sýnilegur og bifumst við aðeins löturhægt upp af hinum djúpa botni kreppunnar. Fjárfestingar eru í sögulegu lágmarki, en þær mynda undirstöðu vaxtar, yfirleitt með nokkurri tímatöf. Kaldhæðnin er þó, að tækifærin blasa hvarvetna við okkur. Arðbærar framkvæmdir í samgöngumálum, fjárfestingar

í búnaði og lausnum í sjávarútvegi, orkutengdur iðnaður, rannsóknir á Drekasvæðinu. Öll þessi atriði og svo mörg fleiri gætu verið á fleygiferð með miklum gróskuáhrifum í nútíð og framtíð, ef vilji væri fyrir hendi. En viljann vantar, hann hverfur í pólitískri andstöðu og óeiningu, misráðinni skattastefnu og fylgispekt við vanhugsaða peningastefnu og gjaldeyrishöft. Í staðinn höfum við varið 80 milljörðum króna í atvinnuleysisbætur frá hrúni.

Betri þjónusta fyrir minna fé

Að öllu óbreyttu er þannig fátt sem bendir til rösks bata hagkerfisins næstu misseri. Kyrrstaðan setur verulegt álag á ríkissjóð og hallarekstur hans, með því að tekjur staðna og kröfur um útgjöld aukast. Þetta óeftirsóknarverða ástand hefur þó eitt gott í för með sér: Það laðar fram aukinn vilja til að velta við hverri krónu ríkisútgjalda. Yfirvöld skoða með opnari hug en fyrr, hvort ná megi sömu eða betri niðurstöðu í ýmsum ríkisrekstri, með lægri kostnaði.

Við hjá Samtökum iðnaðarins teljum enn fremur að þessi krafa um betri opinbera þjónustu fyrir minna fé geti orðið til að styrkja ýmsar hugverkagreinar og framtíðaratvinnuvegi. Nýjar lausnir, vörur, ferli og þjónusta, sem okkar framsækjustu fyrirtæki þróa fyrir opinberar stofnanir, bjóða upp á leiðirnar til hagræðingar. Slíku jákvæðu samspili hins opinbera við nýsköpunarfyrirtæki okkar viljum við hraða. Lykillinn að árangri í þessum efninum er að beina opinberum fjármunum í auknum mæli úr sínum viðteknu föstu skorðum í samkeppnisfarvegi á borð við Tækniþróunarsjóð.

Fé sem innheimt var í fortíðinni af iðnaði í landinu með hinu svokallaða iðnaðarmálaggjaldi, og sem rann áður til Samtaka iðnaðarins, er nú í síðustu úthlutun þess varið til ýmissa tækniskóla og háskóla. Samtök iðnaðarins hafa að auki beitt sér fyrir samkomulagi um að 150 milljónum af gjaldinu verði beint í nýja markáætlun í samstarfi SI, Há-tækni- og sprotavettvangs, ríkisstjórnar og Tækniþróunarsjóðs á sviði heilbrigðismála, menntamála og orku- og umhverfismála.

Þær lausnir sem nýsköpunarfyrirtæki bjóða upp á og sem auka hagkvæmni í



Orri Hauksson
framkvæmdastjóri SI

opinberum rekstri geta fengið styrki, gegn móttframlagi bæði frá fyrirtækjunum sjálfum og hinum opinberu stofnunum sem um ræðir. Lykilatriði er að til verði afurðir og lausnir sem leiði til umbóta í opinberum rekstri en skapi um leið fyrirtækjum tækifæri til framhaldsþróunar og markaðssetningar á heimamarkaði og erlendis. Markmiðið er einmitt að endurselja þessar varanlegu lausnir sem oftast, með litlum jaðarkostnaði, stór hluti kostnaðarinnar liggur oftast í upphaflegri þróunarvinnu.

Framlagið úr iðnaðarmálaggjaldinu sáluga til ofangreinds klasasamstarfs er ekki ríkulegt í stóra samhenginu, það hreyfir ekki aukastaf í opinberum rekstri ríkisins. En við teljum það þó skapa fordæmi og treysta í sessi uppbyggilegar aðferðir í samstarfi fyrirtækja við hið opinbera, sem stærðar sinnar vegna er fyrirferðarmikið í innkaupum.

Skortur á tæknimenntun

Verkefnið hefur önnur eftirsóknarverð hliðaráhrif. Skortur er á tæknimenntuðu fólki í Evrópu á sama tíma og atvinnuleysi hefur rokið upp, einkum meðal þeirra lítt menntuðu. Ísland er skýrt dæmi um þessa þróun. Með ofangreindri aðferð má nýta betur þá takmörkuðu krafta sem við höfum í tæknimenntuðu fólki. Árangur og jákvæðar fyrirmyndir skapa aukinn skilning og hvata fyrir fleiri til að feta slíka menntabrot, atvinnulífina og þjóðinni allri til heilla.

Ytri horfur eru okkur ekki hagstæðar næstu misseri. Innri horfur gætu verið mjög hagstæðar næstu misseri, en hin pólitíska þrástaða býður því miður ekki upp á það í bili. En viljum við vera okkar eigin gæfu smiðir, og þá er eins gott að við nýtum þennan týnda tíma til einhvers gagnlegs. Okkar tillaga felur í sér leiðir til hagkvæmari opinbers rekstrar, sem treystir um leið undirstöður okkar framsækjustu atvinnugreina.

Nýjasta tækni og vísindi nauðsynleg atvinnulífinu

Grein eftir Jürgen R. Thumann, forseta BUSINESSEUROPE, samtaka atvinnulífsins í Evrópu, Vilmund Jósefsson, formann Samtaka atvinnulífsins og Helga Magnússon, formann Samtaka iðnaðarins. SA og SI eiga aðild að BUSINESSEUROPE.

Alkunna er hversu mikilvægar tækni-legalar framfarir eru fyrir hagvöxt. Á sviði vísinda, tækni, verkfræði og stærðfræði hefur í gegnum tíðina orðið til þekking sem skilað hefur mikilli velmegun. Þegar horft er um öxl má benda á fjölmörg dæmi um nýjungar sem nánast umblytu daglegu lífi okkar og breyttu viðhorfum til margvíslegra viðfangsefna. Og eitt er víst, fjölmörg knýjandi verkfæri bíða úrlausnar.

Dragbítur á hagvöxt

Í nýrri viðhorfskönnun meðal aðildarfélaganna BUSINESSEUROPE, samtaka atvinnulífsins í Evrópu, kemur fram með mjög skýrum hætti að skortur á vísinda- og tæknimenntuðu starfsfólki gæti orðið einn helsti dragbítur á hagvöxt á álfunni á komandi árum. Við fyrstu sýn mætti ætla að nokkur framför hefði orðið á þessu sviði þar sem fjöldi háskólanema á vísinda- og tæknibrautum hefur aukist nokkuð í heild. En í raun hefur hlutfall þeirra þó farið lækkanandi, eða úr 24,8% þeirra sem útskrifuðust á árinu 1999 niður í 22,7% árið 2005. Á Íslandi vantar atvinnulífið sárlega iðn- og tæknimenntað fólk og útskrifa þarf mun fleiri úr framhaldsskólum sem geta lagt atvinnulífinu lið á fjölmörgum sviðum.

Aldurinn færir yfir

Breyting á aldursamsetningu þjóða mun að óbreyttu hafa veruleg áhrif á þekkingu á vísindasviðinu. Til að mynda sýna kannanir að óvenju hátt hlutfall eðlisfræðikennara á háskólastigi eru að láta af störfum á næstu árum innan Evrópu-sambandsins. Í atvinnulífinu liggur ljóst fyrir að mikil þörf verður á að finna vel menntað starfsfólk á sviði vísinda, tækni, verkfræði og stærðfræði til að ganga í störf þeirrar kynslóðar sem núna er smám saman að setjast í helgan stein.

Skortur á tæknimenntuðu fólki

Sú kynlega staða er komin upp í Evrópu að þrátt fyrir að víða sé viðvarandi hátt atvinnuleysi ríkir almennur skortur á tæknimenntuðu starfsfólki. Þetta misræmi á vinnumarkaði má mæla með ýmsum hætti. Til að mynda í Belgíu þar sem skortur á verkfræðingum er slíkur að fyrir tveimur árum voru um 2.500

laus störf á þessu sviði sem ekki tókst að ráða í. Nýleg könnun ráðningarþjónustunnar USG meðal starfsmannastjóra í Evrópu sýnir ennfremur að mikill meirihluti þeirra telur að ástandið eigi enn eftir að versna. Ekki bætir úr skák að fátítt er að vísindamenn sem búa yfir dýrmætri reynslu og þekkingu flytjist til Evrópu frá öðrum heimshornum.

Úr vörn í sókn

Samtök í evrópsku atvinnulífi og aðildarfyrtæki þeirra hafa nú tekið höndum saman um að finna ráð til að fjölga starfsmönnum með vísinda- og tæknimenntun á evrópskum vinnumarkaði. Evrópusamtök iðnaðarins hafa t.d. nýverið hafið markvisst kynningar- og fræðsluáttak á þessu sviði þar sem meðal annars er stuðlað að því að háskólanemar fái góða kynningu á þeim fjölda áhugaverðra starfa sem bíða þeirra í atvinnulífinu eftir útskrift. Þýsku aðildarfélagin að BUSINESSEUROPE, BDI og BDA settu einnig árið 2008 á laggirnar áætlunina „MINT“ þar sem eftirspurn eftir sérhæfðu og vel menntuðu starfsfólki var sett á oddinn. Fengnir voru 3.500 sérstakir „sendiherrar“ vísinda- og tæknigeirans sem hafa síðan þá heimsótt þúsundir skóla og átt fræðslufundi með liðlega þremur milljónum námsmanna.

Vonir standa til að auka megi áhuga á vísindum og tækni í grunn- og menntaskólum með auknu fræðslustarfi. En til að svo megi verða, þurfa stjórnvöld, skólakerfið og atvinnulífið að vinna betur saman.

Aukin gæði og forgangsroðun

Atvinnulífið í Evrópu telur að vísinda- og tæknimenntun eigi að setja í forgang í skólakerfinu. Á þetta hefur til að mynda verið bent í Bretlandi þar sem samtök atvinnulífsins þar í landi hafa lagt áherslu á hversu brýnt er að hlúa að vísindamenntun á háskólastiginu.

Stjórnvöld ættu að beina auknum krafti í verkfræði og raunvísindanám, sjá til þess að gæði námsins verði aukin og að leita eftir samráði við atvinnulífið. Það ætti einnig að vera á stefnuskrá stjórnvalda að auðvelda vísindamenntuðu starfsfólki erlendis frá að koma til starfa. Menntaáætlanir á vettvangi Evrópusam-

bandsins og þar með á Evrópska efnahagssvæðinu ættu að styðja þessa stefnumörkun.

Samkeppnishæft atvinnulíf nauðsynlegt

Helstu keppinautar Evrópu hafa augljóslega skipað verkfræði og raunvísindanámi í efsta sæti á aðgerðaáætlunum sínum. Í Bandaríkjunum hafa stjórnvöld úthlutað eitt hundrað milljörðum dala í sérstaka endurreisnaráætlun þar sem bróðurparturinn fer í að styrkja nám, rannsóknir og framþróun á sviði vísinda og tækni. Framlag þjóða eins og Japans og Kóreu til vísindanáms mælt sem hlutfall af þjóðartekjum er einnig miklu mun hærra en meðal Evrópuríkja.

Aukinnar samkeppni gætir á þessu sviði frá löndum sem sækja hratt fram á efnahagssviðinu. Hlutur landa eins og Kína, Brasilíu og Indlands hefur aukist stórlega á undanförunum tuttugu árum. Framþróun þar hefur ekki einungis orðið til vegna þess að auknu fjármagni hefur verið beint í menntun heldur hefur framþróun á sviði vísinda og tækni verið beinlínis meginmarkmið í sjálfu sér.

Bregðumst nú þegar við!

Förystumenn í Evrópu hafa hingað til tekið sér of mikinn tíma til að bregðast við skorti á vísinda- og tæknimenntuðu starfsfólki. Sú skoðun virðist ríkjandi að ástandið í Evrópu sé með ágætum. Þessu fer því miður fjarri. Löngu er kominn tími til að leggjast á árarar og leita skynsamlegra leiða til að auka verulega framboð á hæfileikaríku og velmenntuðu starfsfólki sem nýtist atvinnulífinu í aukinni alþjóðlegri samkeppni.

Nýir félagsmenn SI

Sam-Eining ehf.
Hörgsholti 27-29
220 Hafnarfjörður

Fort North ehf.
Laugavegi 59
101 Reykjavík


Körfubílar ehf.
Smyrlahrauni 54
220 Hafnarfjörður

Hið gullna jafnvægi framboðs og eftirspurnar


Þrátt fyrir hátt atvinnuleysi á Íslandi er ljóst að skortur á fólki með ákveðna menntun hamlar vexti ýmissa fyrirtækja, ekki síst í hugverkaiðnaði. Í könnun sem gerð var fyrir SI um sl. áramót, kom meðal annars fram að 39,2% aðspurðra fyrirtækja töldu mikinn skort á menntuðu eða þjálfuðu fólki til starfa í þeirra fyrirtæki. Við nánari skoðun kom í ljós að mest eftirspurn er eftir iðn- og tæknimenntuðu fólki.

Það er því jákvætt að sjá að fjöldi umsókna í BS tölvunarnám háskólanna hefur aukist á milli ára.

Umsóknum í Tölvunarfræðideild HR hefur fjölgað um 61% og hjá HÍ í Rafmagns- og tölvuverkfræðideild um 10%, í Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði og tölvunarfræðideild er fjölgun í tölvunarfræði um 75% og hugbúnaðarverkfræði um 100%, ef borinn er saman fjöldi að hausti 2010 og 2011.



Umsóknum í BS tækninám hefur ekki fjölgað eins mikið. Í Tækni- og verkfræðideild HR er aukningin 4% milli ára en mun meiri hjá HÍ þar sem aukning í Umhverfis- og byggingarverkfræði er 33%, í Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði og tölvunarfræðideild er fjölgun í vélaverkfræði 28% og í iðnaðarverkfræði 16%.




Í Tækniskólanum - skóla atvinnulífsins hefur einnig átt sér stað jákvæð aukning. Í Tæknimenntaskólanum er aukningin 47% og í Upplýsingatækniskólanum 19% milli ára 2010 til 2011.

Ýmis átaksverkefni hafa verið unnin í samvinnu faghópa, fyrirtækja og skóla í þeim tilgangi að vekja athygli á þörf fyrirtækja fyrir iðn- og tæknimenntað fólki og áhuga á spennandi atvinnutækifærum.

En betur má ef duga skal. Enn er 39% Íslendinga sem eingöngu hafa lokið grunnmenntun í formlega skólakerfinu. Það er því ógrandi verkefni framundan að auka verulega framboð á hæfileikaríku og velmenntuðu starfsfólki sem nýtist atvinnulífinu í aukinni alþjóðlegri samkeppni. Með samstilltu átaki stjórnvalda, skólakerfis og atvinnulífs getum við náð hinu gullna jafnvægi framboðs og eftirspurnar.

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir
forstöðumaður hugverkaiðnaðar og mannaúts hjá SI



Norræn lagna- samtök samhæfa krafta sína

Á fundi Samtaka norrænna blikksmiðjueigenda – Nordisk Blikkenslagermesterforbund – í byrjun júlí í Reykjavík kom fram að víða á Norðurlöndunum er um þessar mundir verið að sameina fyrirtækjafaghópa í stærri og öflugri félög. Þarna er um að ræða samtök blikksmiðja, pípu- lagningamanna, raf- og jafnvel vél- tæknifyrirtækja þótt með mismunandi hætti sé milli landanna. Þessar sameiningar stefna annars vegar að því að bæta þjónustuna við félagsmenn og hinsvegar að sækja meira fram á markaðnum með heildarlausnir fyrir viðskiptavinum.

Menn í þessum greinum hafa komist að því að viðskiptavinirnir, gamlir og nýir, eru ekki mjög uppteknir af því hvernig einstakir faghópar koma að því að hanna, smíða, orkuvæða og tengja saman mannvirki eða einstaka smíðahluti á meðan allt virkar eins og ráð er fyrir gert. Með því að samhæfa þessa hópa ættu þessar greinar að vera betur í stakk búna til að auka verkefni sín bæði í heimalandinu og ekki síður erlendis. Allt byggist þetta á faglegu, stjórnunar- og markaðs- legu samræmi. Því liggur beint við að byrja á samtökunum sjálfum sem geta þá beitt sér með fyrirtækjunum að umbótum til að ná enn betri árangri.

Á fundinum var einnig fjallað um iðnnám í löndunum og mikilvægi verklegar þjálfunar í fyrirtækjunum sjálfum. Enn fremur um mikilvægi þess að fagmenn og fyrirtæki í greinunum geti farið á milli landanna til að sinna eða afla sér verkefna. Fundarmönnum var kynnt hið áfangastýrða gæðakerfi SI og hvernig það hefur nú verið sett á vefinn þar sem hver og einn getur unnið sjálfstætt með sérfræðingi SI að uppsetningu og rekstri þess. Þessi frásögn vakti talsverða athygli og áhuga fundarmanna.

Skattfrádráttur vegna r&þ



Umsóknarfrestur 1. september

Opnað hefur verið fyrir umsóknir vegna skattfrádráttar rannsókn- og þróunarverkefna fyrir árið 2011.

Umsóknarfrestur er til 1. september 2011 fyrir r&þ kostnað sem fellur til við verkefni sem unnin eru á því ári. Útskýringar á umsóknarferli og öðru því tengdu eru í lögum nr. 152/2009 og handbók vegna skattávilununar.

Á árinu 2010 sóttu tæp 100 fyrirtæki um skattfrádrátt, en 132 verkefni voru staðfest af Rannís og hefur Ríkisskattstjóra verið tilkynnt um þessa niðurstöðu. Fyrirtæki með r&þ verkefni, sem unnin eru á árinu 2011, hafa tækifæri fram til 1. september 2011 að sækja um staðfestingu á r&þ verkefnum, en sótt er um á heimasíðu Rannís. Talsverðar breytingar voru gerðar á lögunum á árinu 2010 vegna tilmæla ESA og þurfa því þau fyrirtæki sem fengu staðfestingu

2010 að sækja um aftur vegna framhaldsverkefna og nýrra verkefna er hefjast á árinu 2011.

Lágmarkskostnaður, þ.e. frádráttarbær rekstrarkostnaður, við verkefni sem sótt er um skattfrádrátt á er 1 milljón króna en hámark kostnaðar við útreikning er 100 milljónir króna fyrir fyrirtækið í heild. Hámarkið hækkar þó upp í 150 milljónir króna ef um aðkeypta R&þ í verkefninu er að ræða, sjá nánar í lögum og handbók á vefsíðu Rannís.

Ef verkefni fær staðfestingu sem rannsóknar- eða þróunarverkefni á fyrirtækið rétt á 20% frádrætti frá tekjuskatti fyrirtækisins. Ef fyrirtækið greiðir ekki tekjuskatt er frádrátturinn greiddur út. Hámark opinbers stuðnings við verkefni takmarkast svo af reglum EFTA en frekari upplýsingar eru í handbók um skattávilun á heimasíðu Rannís.

Ný markáætlun um klasasamstarf



Umsóknarfrestur 1. nóvember

Stofnað verður til þriggja markáætlana Tækniþróunarsjóðs sem tengdar eru klasasamstarfi á sviði heilbrigðismála, menntamála og orku- og umhverfismála. Hægt verður að sækja um þróunarverkefni í samstarfi við opinberan kaupanda þar sem opinberi kaupandinn er meðumsækjandi í umsókninni og leggur fram hluta þróunarkostnaðar. Skilyrði þess að umsókn teljist gild á einhverju þessara framangreindra sviða er að hún stuðli að sparnaði í opinberum rekstri og er nauðsynlegt að gera vel grein fyrir þeim þætti verkefnisins í umsókn.

Farið verður yfir umsóknir samkvæmt reglum og mati Tækniþróunarsjóðs þar sem verkefni eru metin á samkeppnisgrunni og er umsóknarfrestur til 1. nóvember 2011. Þó að sótt sé um almenna verkefnisstyrki til Tækniþró-

unarsjóðs (umsóknarfrestur 15. september) kemur það ekki í veg fyrir að hægt sé að sækja jafnframt um í markáætlunina og eru umsækjendur hvattir til að skoða þann möguleika.

Áætlað er að 50 milljónir króna séu til úthlutunar á hverju sviði fyrir sig á fyrsta ári. Ákveðið hefur verið að hluti iðnaðarmálagjalds, sem var innheimt árið 2010, komi til úthlutunar gegnum Tækniþróunarsjóð. Tækniþróunarsjóður mun þannig fjármagna 25% verkefnisins. Sú fjármögnun sem eftir stendur er að lágmarki 25% frá opinbera kaupandnum og afgangur frá fyrirtæki. Fyrirtækið mun eiga öll réttindi er varða vöruna gangvart öðrum kaupendum.

Verkefnin geta verið til allt að þriggja ára, en þá gert er ráð fyrir framlögum af fjárlögum 2012 og 2013 til framhalds verkefnisins.



100 ungmenni við sumarstörf hjá Alcoa Fjarðaáli

Um eitt hundrað ungmenni eru í sumarvinnu hjá Alcoa Fjarðaáli á Reyðarfirði eru flest framhaldsskóla- eða háskólanemar. Elín Jónsdóttir sérfræðingur í mannauðsteymi fyrirtækisins segir að um 500 umsóknir hafi borist frá ungu fólki um sumarstörf.

Lágmarksaldur sumarafleysingafólks hjá Fjarðaáli er 18 ár og 60% ungmennanna koma af Austurlandi en 40% úr öðrum landshlutum. Ungu fólkið dreifist í ýms störf innan fyrirtækisins en þar af vinna 86 við framleiðslu í kerskála, skautsmiðju og steypuskála.

Áður en sumarfólkið hefur störf hjá Fjarðaáli fer flest þeirra í fjögurra daga starfsþjálfun nema þeir sem stjórna vinnuvélum þurfa átta daga þjálfun.

Fjarðaál leggur mikla áherslu á öryggismál og verða allir sem þar starfa að leggja sitt af mörkum til að fyrirbyggja slys og óhöpp.

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
07. tbl. 17. árg. Júlí 2011
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 13.07.2011
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Bjarkarás
Ljósmyndir: Odd Stefán, bls. 8 Nanna Lind
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson
Ritstjóri: Raket Pálsdóttir
Prófarkalestur: Raket Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðil er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Framtíðarsýn hugverkagreina til ársins 2016

Samtök iðnaðarins og Hátækni- og sprotavettvangur stóðu fyrir stefnumótunarfundi um framtíð og áherslur tækni- og hugverkagreina á Hótel Selfossi 19.-20. maí. Hátt í fimmtíu fulltrúar fyrirtækja, stjórnvalda, þingmanna og stoðaðila tóku þátt í fundinum. Nú liggja fyrir niðurstöður fyrsta vinnufundar þar sem meginlínur í sameiginlegri framtíðarsýn, forsendum og áhersluverkefnum greinarinnar hafa verið lagðar. Til að hrinda helstu áhersluverkefnum í framkvæmd verður gerð framkvæmdaáætlun.

Áhersla á samstarf, fjármögnun, þróun, markaðs- og mannauðsmál

Eins og fram kemur í framtíðarsýn og forsendum fyrirtækjanna eru helstu áhersliverkefni þeirra á sviði fjármögnunar og samstarfs fyrirtækjanna um sameiginleg hagsmunamál auk markaðs- og þróunarmála. Skattalegir hvatar til fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum, bætt hagtölugerð og klasasamstarf um betri lausnir fyrir minna fé í opinberum rekstri eru meðal helstu nýjunga í áherslum greinarinnar. Áherslan á mannauðsmálin er ítrekuð og vegur enn þyngra en áður. Meðal nýrra verkefna sem kom fram er „Inspired by Icelandic Innovation“ – metnaðarfullt kynningar og markaðsverkefni í anda „Inspired by Iceland“, átakansins.

Eiríkur, Rakel, Sveinbjörn, Ásbjörn og Andri fengu afhenta viðurkenningu frá Davíð fyrir skýra framsetningu á framtíðarsýn



Forsetahópurinn – Hellen, Snorri, Kristinn, Orri og Illugi fékk verðlaun fyrir leikræna tilburði mikinn hlátur!

Helstu vinnufyrirsagnir í framtíðarsýninni eins og hún liggur fyrir núna eru eftirfarandi:

Meginmarkmið –Árangur

1. Hugverkaiðnaður - grunnstoð í íslensku atvinnulífi
2. Aðlaðandi Ísland - miðstöð „tækni- og hugverkaiðnaðar“
3. Jákvæður viðskiptajöfnuður á grunni aukins útflutnings og sjálfbærni

Helstu forsendur árangurs eru skilgreindar eftirfarandi:

Forsendur árangurs

1. Nægt framboð á hæfu starfsfólki – „gott fólk gulli betra“
2. Fyrirmyndarstarfsumhverfi og stoðkerfi.
3. Markvisst markaðsstarf - Inspired by Icelandic Innovation
4. Fjármögnunarumhverfi í fremstu röð



Hönnun í útflutning – skrifað undir samstarfssamninga



Þróunarverkefnið Hönnun í útflutning er komið á fullt skrið en verkefnið er leitt af Íslandsstofu í samstarfi við Hönnunarmiðstöð Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Samtök iðnaðarins.

Markmið verkefnisins er að leiða saman hönnuði og fyrirtæki í

samvinnu um hönnun og framleiðslu á útflutningsvörum. Þátttakendur í verkefninu munu fá framlag að upphæð 500.000 króna til að standa straum af hönnunarkostnaði gegn a.m.k. jafnháu mótframlagi fyrirtækisins.

Fyrirtækin og hönnuðir skrifuðu undir samninga sín í milli og er þar með hafið fimm mánaða ferli þar sem fyrirtæki og hönnuðir vinna að frumgerð af því sem gera skal. Undirritaður var samstarfssamningur þess efnis að Íslandsstofa leiði verkefnið.

Fyrirtækin sem taka þátt í verkefninu eru Amivox, Bjarmaland, Glófi, Matorka, Raven Design, Saga Medica, Sif Cosmetics og Triton.

Ívilnanir vegna nýfjárfestinga

Á síðasta ári tók gildi rammalöggjöf um ívilnanir vegna nýfjárfestinga sem kveður á um að heimilt sé að veita fyrirtækjum afmarkaðar ívilnanir ef sannað þykir að starfsemi fyrirtækisins hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir þjóðarþið. Ingvi Már Pálsson, lögfræðingur hjá Iðnaðarráðuneyti fjallaði um málið á fundi hjá Samtökum iðnaðarins.

Efla nýfjárfestingu

Markmið laganna er að efla nýfjárfestingu í atvinnurekstri, samkeppnishæfni Íslands og byggðabróun með því að tilgreina hvaða ívilnanir heimilt er að veita vegna nýfjárfestinga hér á landi og hvernig þeim skuli beitt. Þetta er í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnar-



innar þar sem fram kemur að til þess að ná góðum og jöfnum hagvexti, sem sé forsenda fyrir nýjum efnahagslegum og félagslegum stöðugleika á Íslandi, þurfi að stuðla að beinum erlendum fjárfestingum. Einnig er þar lögð áhersla á að kortleggja sóknarfæri Íslands í umhverfsvænum iðnaði og ýta undir fjárfestingar með tímabundnum ívilnunum.

Einfaldara og skýrara fyrirkomulag

Eldra fyrirkomulag við gerð fjárfestingarsamninga reyndist þungt í vöfum og ómarkvisst. Samningar voru gerðir fyrir hvert einstakt verkefni og kallað var eftir álit Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Samningaferlið gat tekið allt að tveimur árum. Með tilkomu núverandi laga er kominn skýr rammi sem unnið er eftir og öllum er ljóst frá byrjun hvað er í boði. Nú þegar hafa þrjár umsóknir verið afgreiddar og afgreiðslutími var um það bil mánuður.

Skilyrði fyrir veitingu

Skilyrði fyrir veitingu ívilunar til nýfjárfestinga koma fram í 5. gr. laganna og má þar nefna að fyrir liggi greinagóðar upplýsingar um fjárfestingarverkefnið og að árleg velta fyrirhugaðs fjárfestingarverkefnis sé a.m.k. 300 m.kr. eða að nýfjárfesting skapi a.m.k. 20 ársverk á

fyrstu tveimur árum þess. Á fundinum var nokkuð spurt um ákvæði laganna um að stofnað sé sérstakt félag um fjárfestingarverkefnið á Íslandi og að fyrirhugað fjárfestingarverkefni sé ekki þegar hafið. Því var til að svara að lítið er svo á að verkefni sé hafið við fyrstu skóflustungu. Hönnun, fjármögnun og önnur undirbúningsvinna er ekki þar með talin, enda oft nauðsynleg forsenda umsóknar. Ef fyrirtæki sem sækir um er þegar með starfsemi hér á landi skal halda verkefniinu sem styrkt er aðskildu frá annarri starfsemi.

Byggðaaðstoð og almennar ívilnanir

Þær ívilnanir sem heimilar eru samkvæmt lögnum eru fyrst og fremst lækkan skatta og opinberra gjalda.

Heimild er fyrir því að veita beinan fjárstuðning, t.d. vegna þjálfunar starfsfólks. Lögin byggja á tveimur stoðum, byggðaaðstoð og almennum ívilnunum óháðum staðsetningu. Sérstök ákvæði eru um nýfjárfestingar lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem og í rannsóknar- og þróunarverkefnum. Sérstaklega er fjallað um umhverfistengd fjárfestingarverkefni, t.d. vegna uppsetningar búnaðar sem gerir fyrirtækjum kleift að ganga lengra í mengunarvörnum en lög gera ráð fyrir og vegna aðgerða á sviði orkusparnaðar og orkunýtni.

Heimild er fyrir því að veita beinan fjárstuðning, t.d. vegna þjálfunar starfsfólks. Lögin byggja á tveimur stoðum, byggðaaðstoð og almennum ívilnunum óháðum staðsetningu. Sérstök ákvæði eru um nýfjárfestingar lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem og í rannsóknar- og þróunarverkefnum. Sérstaklega er fjallað um umhverfistengd fjárfestingarverkefni, t.d. vegna uppsetningar búnaðar sem gerir fyrirtækjum kleift að ganga lengra í mengunarvörnum en lög gera ráð fyrir og vegna aðgerða á sviði orkusparnaðar og orkunýtni.

Lögin sett til 2013

Ferill við veitingu ívilunar er þannig að nefnd iðnaðarráðherra fer yfir umsókn og metur hvort skilyrði laganna séu uppfyllt. Umsækjandi leggur fram nauðsynleg gögn og Íslandsstofa framkvæmir arðsemisútreikninga og kannar efnahags- og samfélagslegan ávinning. Nefndin gerir tillögu til ráðherra, ráðherra leggur fram boð um ívilnun sem byggir á þeim heimildum sem eru í lögum. Samningar geta verið mismunandi milli verkefna. Að lokum er undirritaður samningur milli ráðherra og umsækjanda um veitingu ívilunar þar sem kveðið á um réttindi og skyldur aðila.

Lögin eru sett til ársins 2013 en þá skal árangur af þeim metin og skoðað verður hvort áframhald verði á þessu fyrirkomulagi. Einnig verður metið hvort lengra verður gengið með því að veita heimild til fjölbreyttari ívilnana en nú er gert.



Nýr formaður Samáls

Á aðalfundi Samtaka álframleiðenda á Íslandi, Samáli,

haldinn 30. maí var Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, kjörinn stjórnarformaður samtakanna. Í samræmi við samþykktir Samáls skipta álverin þrjú með sér formennsku í samtökunum og er formaður kosinn til árs í senn.

Rannveig Rist, forstjóri RioTinto-Alcan á Íslandi, gegndi formennsku á fyrsta starfsári samtakanna.

Stjórn Samáls er skipuð þeim Ragnari, Rannveigu og Tómasi Má Sigurðssyni, forstjóra Alcoa Fjarðaáls. Varamenn í stjórn eru Ágúst Hafberg, Norðuráli, Ólafur Teitur Guðnason, RioTintoAlcan, og Erna Indriðadóttir, Alcoa Fjarðaáli.



Hvað er að fréttu?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna

www.si.is

Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið rakel@si.is

Hvar eiga iðnnemar að fá starfsþjálfun?

Þessi spurning brennur ekki eingöngu á okkur Íslendingum. Margar aðrar þjóðir Evrópu hafa rætt og reynt ýmislegt til þess að tryggja að iðnnemar fái þá þjálfun sem nauðsynleg er til að geta talist fullgildir iðnaðarmenn og staðist sveinspróf í samræmi við fagkröfur í viðkomandi iðngrein.

Athyglisverð umfjöllun

Í grein í breska tímaritinu The Economist frá 20. maí sl. er greint frá viðleitni síðustu ríkisstjórnar Verkamannaflokksins til að tryggja fleiri iðnnemum þjálfun í starfandi fyrirtækjum en á Bretlandi hefur gætt tregðu til að taka á móti nemum og tryggja þeim eðlilega starfsþjálfun. Ýmsar skýringar hafa verið tilgreindar, m.a. að þessu fylgdi mikill kostnaður og samkeppnisfyrirtæki færðust undan að taka nema en væru svo tilbúin með góð launatilboð til þeirra sem ljúka prófum án þess að hafa sjálf lagt nokkuð af mörkum við þjálfunina. Afleiðingin er sú að aðeins 8% breskra iðnfyrirtæki taka iðnnema í vinnustaðanám á móti 24% í Þýskalandi. Þessu vildi ríkisstjórn Verkamannaflokksins breyta og lagði fram mikla fjármuni til að taka þátt í kostnaði þeirra fyrirtækja sem taka nema í starfsþjálfun enda mikið í húfi fyrir þjóðarhag. Viðleitnin bar vissulega árangur sem m.a. birtist í því að á fjögurra ára tímabili, fram til ársins 2010, fjölgaði iðnnemum um 60% þar með taldir margir sem höfðu flosnað upp úr námi en komu til baka og tóku upp þráðinn aftur. En þrátt fyrir þennan góða árangur var kvartað undan mikilli skriffinnsku sem fyrirtækin sem fengu styrkina þurftu að gangast undir. Styttist þá í gagnrýnina og við það gleymast mikilvæg markmið í umræðunni og úr verður þras um aukaatriði. Því brá núverandi ríkisstjórn Breta á það ráð að draga verulega úr þessum styrkjum, sem þó voru vissulega að snúa málum til betri vegar þótt eflaust hafi mátt standa betur að framkvæmdinni.

Þjóðverjar að sigla fram úr

Margir telja að ein ástæða þess að þjóðverjar standa nú betur að vígi í alþjóða samkeppni í tæknigreinum sé sú rækt sem fyrirtækin þar hafa alltaf lagt við að taka iðnnema til sín í starfsþjálfun. Þau líta á það sem mikilvægan hluta þess að



Nema leiðbeint í Iðnskólanum í Hafnarfirði

fá til sín hæft starfsfólk til framtíðar enda vita þjóðverjar að góðir iðnaðarmenn vaxa ekki á trjánum og allir verða leggja sitt af mörkum til að mennta þá og þjálfna – í því felst þeirra styrkur og ein helsta ástæða þess að þeir sigla smátt og smátt fram úr öðrum Evrópuþjóðum. Þetta eru Bretar að sjá núna og kalla eftir aðgerðum sbr. ofangreinda grein í Economist. En hvernig standa þessi mál hér á Íslandi?

Góð vinnustaðþjálfun skilar sér

Hvað varðar mál- og véltækni iðnaðinn hafa mörg fyrirtæki litið á það sem skyldu sína að hafa iðnnema og leggja rækt við þjálfun þeirra. Þetta útheimtir vissulega talsverð fjárútlát, tíma og fyrirtækið er áhugaverður vinnustaður og nemum hefur liðið vel þar. Þeir verða þá gjarnan hinn faglegi kjarni hvers fyrirtækis og bæta svo við sig með markvissri endurmenntun í takt við nýjan tækjabúnað og aukna tækni.

Reglugerð en útfærslu vantar

Með reglugerð menntamálaráðherra frá 2009 um vinnustaðanám munu framhaldsskólar, sem kenna viðkomandi faggrein, bera ábyrgð á að gerðir séu náms- og starfsþjálfunarsamningar við viðurkennd fyrirtæki. Þetta er talsverð breyting frá því sem áður var þegar nemarnir sjálfir þurftu að standa í „að komast að hjá meistara.“ En ekki er kálið sopið þótt í ausuna sé komið; eftir var að útfæra þetta ákvæði reglugerðarinnar og setja nánari reglur um framkvæmd vinnustaðanáms, kröfur til fyrirtækja, skóla og leiðbeinenda, vinnu-

bækur og hvernig þessi hluti iðnnámsins verði kostaður. Þegar þetta vantaði allt frá ráðuneytinu var augljóst að bæði skólar eða vinnustaðir áttu í erfiðleikum að átta sig á nýrri stöðu sinni í þessum efnum. Því var ekki annað að gera í lok árs 2009 en að fresta gildistöku reglugerðarinnar til 1. ágúst árið 2011. Þann tíma átti að nýta til að útfæra allt þetta betur og sett á fót nefnd hagsmunaaðila til þess arna og henni ætlað að koma með tillögur um nánari útfærslur fyrir 1. ágúst n.k. í samræmi við ný framhaldsskólalög og reglugerðina frá 2009. Það er því vonandi að niðurstöður nefndarinnar liggi fyrir fljótt eftir sumarfrí. Þá ætti að vera hægt að ræða þær frekar, staðfesta og loks að tryggja fjármögnun sem þarf að ganga vel enda mikið í húfi til að unnt verði að vinna enn frekar að uppbyggingu arðbærs atvinnulífs þar sem samkeppnishæfur iðnaður mun gegna veigamiklu hlutverki.

Ingólfur Sverrisson

Ráðinn verkefnisstjóri Hátækni- og sprotavettvangs

Haukur Alfreðsson

hefur hafið störf sem verkefnisstjóri Hátækni- og sprotavettvangs. Haukur tekur við af Dofra Hermannssyni. Haukur lauk meistaranámi í iðnaðarverkfræði í tækniháskólanum í Stokkhólmi. Haukur starfaði núna síðast í iðnaðarráðuneytinu við nýsköpun og þróunarmál. Áður hefur Haukur starfað við ýmiss störf sem tengjast nýsköpun, stofnun og rekstri fyrirtækja og rekstrarráðgjöf, aðallega gæðastjórnun.

Haukur hefur starfað m.a. hjá Flugleiðum tæknideild, Iðntæknistofnun, sem deildarstjóri rekstrartæknideildar, forstöðumaður tæknideilda og við rekstrarráðgjöf. Haukur aðstoðaði m.a. sprotafyrirtækin Flögu og Taugagreiningu við að byggja upp gæðastjórnunarkerfi og fá vottun á gæðakerfi samkvæmt ISO-9001. Haukur tók þátt í stofnun Fjölbendis ehf. og var framkvæmdastjóri þess í nokkur ár, sat í stjórn Flugleiða hf. í 10 ár og nokkrum dótturfyrirtækjum þess og fleiri fyrirtækja.

